



Í öllum grunnskólum á að vera viðurkennt brunaviðvörunarkerfi, útiljós og neyðarlýsing. Flóttaleiðir skulu vera í tvær gagnstæðar áttir og björgunarop á hverri stofu skólans. Við útgöngudyr er nafnalisti með nöfnum nemenda, lýsing á fyrstu viðbrögðum og skóhlífar.

Ef brunaviðvörunarkerfi gefur viðvörðun skal unnið eftir eftirfarandi rýmingaráætlun.

1. Skólastjóri eða húsvörður fer að stjórnöflu brunaviðvörunarkerfis og aðgætir hvaðan brunaboðið kemur.
2. Kennarar undirbúa rýmingu kennslustofunnar og fara eftir ákveðnum viðbrögðum sem eru í hverri kennslustofu. Muna eftir nafnalista og skóhlífum.
3. Skólastjóri eða umsjónarmaður hefur samband við slökkvilið í síma 112. Tilkynna um eld eða gefa skýringar á brunaboðinu. Ritari tekur með sér skráningarbók fjarvista. Starfsfólk rýmir skólann og fer á söfnunarsvæði.
4. Þegar komið er á söfnunarsvæðið hefur hver hópur sitt afmarkaða svæði. Kennarar fara yfir nafnalista og aðgæta hvort allir nemendur hafa komist út, ef ekki skal hann rétta upp rautt/grænt skilti og tilkynna umsjónarmanni söfnunarsvæðisins stöðuna.
5. Deildarstjóri hvers stigs fær upplýsingar um hve margir nemendur hafa ekki skilað sér með hópnum út og ef mögulegt er hvar þeir sáust síðast. Deildarstjóri kemur upplýsingum til skólastjóra. Deildarstjóri hefur meðferðis möppu með nafnalistum síns stigs ef umsjónarkennari hefur ekki sinn bekkjalista.
6. Slökkviliðið kemur á staðinn, skólastjóri eða staðgengill hans gefur varðstjóra upplýsingar um hve margir nemendur hafa orðið eftir inni og hugsanlega staðsetningu þeirra.
7. Farið með nemendur og starfsfólk af svæðinu í Smárann.





Smáraskóli

Rýmingaráætlun Smáraskóla

- kennslustofur -



1. **Starfsmaður velur flóttaleið.**
2. **Allir safnast saman á suðurlóð skólans og raða sér eftir árgöngum – bekkjaraðir í stafrófsröð.**
3. **Nemendur á yngra stigi safnast saman á suðausturhluta skólalóðar.
Nemendur á eldra stigi safnast saman á suðvesturhluta skólalóðar.**
4. **Kennarar hafa með sér bekkjalista og merkja við.**
5. **Ef eldur kemur upp í frímínútum þá fara þeir sem eru á sal stystu leið út.**
6. **Ritari telur annað starfsfólk og tekur mætingarbók og starfsmannalista.**
7. **Rýming Smáraskóla taki um 3 mínútur.**




Minnisatriði:

Kennari fer síðastur út og lokar dyrum.
Skóhlífar og bekkjarlistar eru í sérstökum taupokum við kennaraborð.



Smáraskóli

Söfnunarsvæði



Söfnunarsvæði – aðrir starfsmenn

Söfnunarsvæði – eldra stig (fótboltavöllur)

Söfnunarsvæði - yngra stig (körfuboltavellir)



Smáraskóli

Brunavarnaráætlun Smáraskóla

-Leiðbeiningar til starfsfólks-



Stöðugur hljómur brunaviðvörðunarbjöllu er merki um að yfirgefa skuli húsið.

Allir starfsmenn aðstoða við að rýma skólann.

1. Rýming fer fram samkvæmt flóttaleiðum.
2. Allir safnast saman á suðurlóð skólans og raða sér upp eftir árgöngum í bekkjarraðir – í stafrófsröð.
3. Þegar talning hefur farið fram má leita skjóls í Smáranum.
4. Æfing skal fara fram einu sinni – tvisvar á ári.



Mikilvægt er að starfsfólk:

- a. Kynni sér þessa áætlun.
- b. Allir læri sitt hlutverk.
- c. Aðstoði við framkvæmd áætlunar.





Smáraskóli

Rýmingaráætlun Smáraskóla - Fyrir skólaliða -

1. Starfsmaður velur styðstu leið út.
2. Allir safnast saman á suðurlóð skólans og raða sér eftir árgöngum – bekkjaraðir í stafrófsröð.
3. Kennarar hafa með sér bekkjalista og merkja við.
4. Skólaliðar kanna hvort nemendur leynist á salernum skólans í miðrými.
5. Ef eldur kemur upp í frímínútum þá fara þeir sem eru á sal stystu leið út.
6. Skólastjóri tekur við skilaboðum frá deildarstjórum um hvort einhvern vantar.
7. Ritari telur annað starfsfólk og tekur mætingarbók (starfsmannalista).
8. Rýming taki um 3 mínútur.

Minnisatriði:

Kennari lokar dyrum þegar stofan er tóm.
Skóhlífar og bekkjarlistar eru taupoka við kennaraborð.



Smáraskóli

Rýmingaráætlun Smáraskóla

- Fyrir kennara -



- 1. Allir kennarar skólans skulu á öllum stundum hafa nafnalista allra bekkja sem þeir kenna tiltæka í fórum sínum.**
- 2. Kennari skal reglubundið fylgjast með aðstæðum á kennslusvæði sínu m.t.t. greiðrar og hindrunarlausrar flóttaleiðar og viðhaldi tækja, s.s. slökkvitækja og brunaboða. Verði hann var við blikkandi ljós á brunaboða, vöntun á eldvarnarteppum þar sem það á við eða rofið innsigli á handslökkvitækjum skal hann gera húsverði viðvart um slíkt.**
- 3. Kennari hvers kennslusvæðis skal útskýra fyrir nemendum sem þangað koma það ferli sem fer af stað við brunaboð, þ.á.m. hver sé flóttaleið af viðkomandi svæði (kennslurými) komi til brunaboðs.**
- 4. Kennari skal ætíð virða viðbragðsreglur við brunaboð og minna nemendur á að gera slíkt hið sama.**
- 5. Kennarar skulu taka virkan þátt og ábyrgð á brunavörnum skólans og koma með ábendingar um úrbætur til skólastjórnenda ef þurfa þykir.**
- 6. Kennarar skili skriflegri matsgerð á þ.t.g. eyðublaði til skólastjórnenda við lok hverrar rýmingaráæfingar.**



Smáraskóli

Rýmingaráætlun Smáraskóla

- Fyrir kennara -



1. **Við brunaboð skal kennari stjórna nemendahóp sínum þá stundina með eftirfarandi hætti.**
 - a. **Tekur nafnalista viðkomandi hóps og skriffæri.**
 - b. **Biður nemendur að halda ró sinni og fylgja fyrirmælum.**
 - c. **Kennari skýrir fyrir nemendum að þeir fylgi honum út úr húsinu og eigi að safnast saman í bekkjarraðir og í stafrófsröð á sínu söfnunarsvæði þegar út er komið.**
 - d. **Nemendur mynda röð sem fylgir kennara að næsta útgangi.**
 - e. **Nemendum safnast í bekkjarraðir í stafrófsröð á sínum söfnunarsvæðum frá austri til vesturs (1. – 10. bekkur). Kennarar viðkomandi bekkja/árganga hjálpast að við að koma nemendum í skipulagðar raðir og merkja hratt og örugglega við á nafnalista.**
 - f. **Ef að einhverja nemendur vantar skulu kennarar strax láta umsjónarmenn söfnunarsvæða (deildarstjórar stiga) vita svo hægt sé að gera viðeigandi ráðstafanir til að finna þá.**
 - g. **Kennari biður með nemendahóp sinn á söfnunarsvæði þar til stjórnendur söfnunarsvæða (deildarstjóra stiga) gefa merki um að svæðið skuli yfirgefið.**